

HUGRÆN TAUGAVÍSINDI

E-601-HUTA



Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (sérhæft námskeið í sálfræði).

Undanfarar: E-415-HUMT Hugsun, minni og tungumál.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: María K. Jónsdóttir.

Lýsing: Í námskeiðinu verður farið í líffræðilegar skýringar sem liggja að baki hugrænni (vitsmunalegri) starfsemi, með sérstakri áherslu á taugahvarfefni í hugrænum ferlum og hvernig þau tengjast hegðun; aðferðir hugrænna taugavísinda, þar með talið notkun heilalínurita (EEG) og hagnýtri taugaskönnun. Einnig verður sjónum beint að samspili hugarstarfsemi og hegðunar út frá niðurstöðum samanburðarrannsókna á sködduðum og heilbrigðum mannsheilum. Í námskeiðinu verður einnig skoðað ferlið sem liggur að baki tungumáli, rýnt verður í sérhæfingu heilahvelanna svo og ástæður lesblindu, hreyfi- og tilfinningaröskunar.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Fjallað um helstu viðfangsefni og helstu aðferðir sem beitt er innan hugrænna taugavísinda svo og takmarkanir tiltekinna rannsóknaraðferða
- Kunnað skil á sögu og þróun hugrænna taugavísinda.
- Kunnað skil á þeim einstöku efnisþáttum sem fjallað verður um í námskeiðinu og hvað þeir geta sagt okkur um eðli hugarstarfs og heilastarfsemi

Leikni

- Sýnt fram á góðan skilning á flóknu sambandi hegðunar, hugsunar og heilastarfsemi.
- Lesið fræðilegar greinar í taugavísindum og rætt þær í jafningjahópi.

Hæfni

- Yfirfært þekkingu úr námskeiðinu, t.d. með því að tengjast saman viðfangsefni sem á yfirborðinu virðast ólík.
- Hugleitt og rökstutt hvaða aðferðir myndu hugsanlega henta við rannsóknir á tilteknu viðfangsefni innan hugrænna taugavísinda.

Námsmat: Próf og verkefni.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.